




Líknarmeðferð í heimahúsi

Kynning fyrir öldungaráð Reykjavíkur
Júní 2025





„Framtíðarskipan líknarþjónustu á Íslandi“ Megináherslur er snúa að heimahjúkrun:



Nóvember 2019

Framtíðarskipan líknarþjónustu á Íslandi

-með sérstakri áherslu á
höfuðborgarsvæðið, Suðurnes,
Vesturland og Suðurland



Í heimahjúkrun skal bjóða skjólstæðingum með mikið skert heilsufar þá þjónustu sem þeir þurfa svo þeir geti dvalið sem lengst heima. Tryggja þarf gæði líknarþjónustu með því að:

- Tryggja staðlaða klíníska verkferla
- Sett verði viðmið um mönnun.
- Veita skal örugga lækniþjónustu fyrir alla sjúklinga
- Tryggja fjölbreyttar fagstéttir.
- Sett verði á stofn bráða heimateymi aldraðra (SELMA hjá Rvík)
- Bjóða skal þeim einstaklingum sem það kjósa að deyja heima.
- Innleiða lyfjaskrín sem nota á þegar andlát er yfirvofandi
- Tryggja skilvirkt innlagnarferli á sjúkrahús eða í líknarrými hjúkrunarheimila án milligöngu bráðamóttöku.



Við vinnu skýrslunnar var horft til.....

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Forgangsmarkmið endurspeglar áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðana næstu árin. Áherslur þessa verkefnis styðja m.a. við markmið nr. 10 sem fjallar um aukinn jöfnuð og markmið nr. 11 sem fjallar um sjálfbærar borgir og samfélög.

Efnahags-, félagsmála- og mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna (The United Nations Committee on Economic, Social and Cultural Rights) yfirlýsing frá árinu 2000 um „að ríkjum sé skylt að virða rétt til heilsu með því meðal annars að forðast að neita eða takmarka jafnan aðgang allra einstaklinga að fyrirbyggjandi, lækningu og líknandi heilbrigðisþjónustu.“²

Heilbrigðisstefnan

Samvinna við LSH og þannig tryggja að heimahjúkrun geti veitt sérhæfða meðferð í heimahúsum og að einstaklingar og fjölskyldur geti valið sér þjónustu og stuðning eftir þörfum.

Stjórnarsáttmáli og fjármálaáætlun þar sem fram kemur að mikilvægt sé að gera sjúklingum kleift að dvelja sem lengst á eigin heimili og bæta eigi aðgengi að líknar og lífslokameðferð á heimilum.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO)

Líknarmeðferð skal vera hluti heilbrigðisþjónustu allra landa

Mannréttindi. Þjónusta við deyjandi einstaklinga og fjölskyldur þeirra endurspeglar samfélagið sem við lifum í. Góð umönnun byggð á samhygð og þekkingu er grunnur að virðingu fyrir manneskjunni og því grundvallarmannréttindi.



Framtíðarsýn líknarþjónustu í heimaþjónustu



- Sjúklingum skal standa til boða að fá líknar- og lífslokameðferð heima með aðkomu heimahjúkrunar.
- Staðlað verklag, fjölbreyttur faglegur stuðningur og innlagnir í líknarrými gera þetta mögulegt og fjarheilbrigðistækni er nýtt eins og kostur er.
- Í hverju heilbrigðisumdæmi er starfrækt staðbundið líknarteymi sem hjúkrunarfræðingar og læknar í heilsugæslu og heimaþjónustu geta leitað til.



Aðgerðir er snúa að heimahjúkrun

1.3 Styðja við þekkingu í að veita almenna líknarmeðferð í heimahjúkrun

Aðgerð

1. Tilnefna aðila sem veitir málinu forstöðu í hverju heilbrigðisumdæmi (ráðgefandi líknarteymi fyrir svæðið).

Mælanleg markmið

1. Tilnefndur aðili fyrir hvert svæði um allt land

Ártal

2021

2.2 Tryggja skilvirka/örugga læknisþjónustu fyrir sjúklinga í heimahjúkrun

Aðgerð

1. Skýra verklag á þann hátt að skjólstæðingur er almennt í umsjá læknis heilsugæslu. Við breytingu á ástandi þá flyst læknisfræðileg ábyrgð yfir á bráða heimateymi aldraðra þar sem það á við

Mælanleg markmið

1. Skilgreindir verkferlar til staðar. Mat á komum á bráðamóttöku fyrir skilgreindan sjúklingahóp, mat á legudögum í tengslum við bráðainnlagnir og mat á ferli útskrifta af sérgreinasjúkrahúsum

Ártal

2021

*Líknarmiðstöð LSH í
Reykjavík
Líknarmiðstöð SA*

*SELMU teymið 2020 í
Reykjavík
Læknar við HHH*

Tillögur liggja hjá ráðuneyti hvernig við getum tryggt þetta.....Starfshópur í gangi um skilgreiningu á læknisþjónustu í heimahúsum



frh aðgerðir.....

2.4 Virk teymisvinna í líknarmeðferð sem veitt er á heimili fólks í gegnum heimahjúkrun

Aðgerð

1. Tryggja að aðkoma og hlutverk allra teymisaðila sé skýrt og skilgreint.
2. Tryggja aðgengi að læknum með þekkingu og færni í líknarmeðferð.
3. Aðgangur skipuleggjenda heimahjúkrunar að fjölbreyttum fagstéttum, s.s. sálfræðingi, félagsráðgjafa, lyfjafræðingi, næringarfræðingi eftir því sem þurfa þykir.

Mælanleg markmið

1. Skilgreint þverfaglegt teymi um almenna líknarmeðferð innan stöðvar /stofnunar, sem gengur þvert á deildir þess
2. Þjónusta læknis með þekkingu á líknarmeðferð er til staðar ef á þarf að halda
3. Samsetning fagstétta í teyminu

Ártal

2021-2025

Proactive vinna

*Hér bráðvantar
okkur aðkomu
heilsugæslunnar*

SELMU teymið



frh aðgerðir.....

4.2 Virkja stuðnings- og eftirlitsnet í kringum sjúkling og fjölskyldu hans í heimaþjónustu

Aðgerð

1. Kortlagning stuðningsnets órjúfanlegur hluti af líknarþjónustu með þjálu skapalóni í Sögukerfinu þar sem hlutverk hvers og eins er skilgreint.
2. Sérstakur stuðningur við fjölskyldur og umönnunaraðila inna fjölskyldna þannig að þeim verði boðið upp á fjölskyldufundi og sértækan stuðning.
3. Nýta vettvangsliða í eftirliti og við mat á sjúklingi þar sem við á og styrkja umgjörð í kringum vettvangsliða á svæðinu. Fræðsla og þjálfun.

Mælanleg markmið

1. Fjölskyldutré og aðrir stuðningsaðilar skilgreindir í Sögukerfinu.
2. Þjónustukönnun meðal aðstandenda
3. Verklag til staðar ásamt skýrum leiðbeiningum og tengiliðaupplýsingum. Tryggja góða skráningu og mat á árangri.

- 
- Mikilvægt að hlú að fjölskyldu og umönnunaraðilum.



frh aðgerðir.....

5.2 Að útbúa líknarrými í tengslum við hjúkrunar- eða sjúkrarými fyrir sjúklinga í heimaþjónustu um allt land

Aðgerð

1. Innleiða staðlaða lýsingu á aðbúnaði og eiginleikum rýmis (tillaga á bls. 42 í skýrslu um framtíðarskipan líknarþjónustu á Íslandi).
2. Endurskoða kröfulýsingu fyrir hjúkrunarheimili hvað varðar rekstur á líknarrýmum.
3. Setja viðmið um innlagnir í líknarrými á hverjum stað.
4. Koma á fót almennum líknarrýmum í öllum heilbrigðisumdæmum. Fjöldi skal miðast við þörf á hverjum stað.

Mælanleg markmið

1. Stöðluð lýsing til staðar
2. Kostnaðarmat um líknarrými liggur fyrir. Mat á fjölda rýma í hverju umdæmi.
3. Innlagnarviðmið liggur fyrir
4. Fjöldi líknarrýma í heilbrigðisumdæmum

Ártal

2021-2025

Tillögur liggja hjá ráðuneyti. Mikill vilji hjá þeim sem kunna þetta en stoppar hjá yfirvöldum



Líknarmeðferð - lykilatriði

Líknarmeðferð hefst við greiningu alvarlegra lífsógnandi og /eða langvinnra sjúkdóma.

Líknarmeðferð er veitt samhliða lækningu eða lífslengjandi meðferð en getur líka staðið ein og sér.

Vægi líknarmeðferðar eykst með versnandi sjúkdómi.

Líknarmeðferð heldur áfram að lækningu eða andláti og með aðstandendum eftir andlát

Sjúklingur og aðstandendur eru upplýstir um hvað felst í líknarmeðferð

Líknarmeðferðarþarfir eru metnar og endurskoðaðar reglulega í samráði við sjúkling og aðstandendur

Í samráði við sjúkling og aðstandendur er gerð meðferðaráætlun sem byggir á heilðrænu mati.



Þróun líknarmeðferðar

- Ekki bara lífslokameðferð
 - Ört stækkandi hópur – margir sj.d og mikil einkenni
 - Betri meðferðir
 - Sjúklingar lifa lengur
 - Ekki bara krabbameinssjúklingar
- Líknarmeðferð fyrr í sjúkdómsferli
 - Líknarmeðferð hafin fyrr
 - Er veitt samhliða lífslengjandi meðferðum
 - Styðja sjúkling og fjölskyldu að lifa sem bestu lífi samhliða því að vera með lífsógnandi sjúkdóm





Skilgreining á líknarmeðferð, klínískar leiðbeiningar Landspítala 2017

- Líknarmeðferð (e.: „palliative care“) byggist á einstaklingsmiðaðri nálgun (e.: „person-centered care“) þar sem lögð er áhersla á að veita árangursríka meðferð verkja og annarra einkenna, sálfélagslegan og andlegan stuðning sem er í samræmi við þarfir, gildi og menningarlegan bakgrunn sjúklings og fjölskyldu hans.



Líknarmeðferð - eldra fólk

- **Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO):**

- Allir heilbrigðisstarfsmenn eiga að getað sinnt almennri líknarmeðferð og líknarmeðferð skal vera hluti af grunnheilbrigðisþjónustu allra landa.

- **Hvar deyr eldra fólk og hvar vill það deyja, fái það einhverju um það ráðið?**

Flestir aldraðir deyja á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum.

Heimaþjónusta langveika og aldraðra er nánast alfarið í höndum heimahjúkrunar.

- Þrátt fyrir að aldraðir veikir einstaklingar og þeir sem eru komnir með sjúkdóm á lokastigi, þrái að dvelja heima sem lengst og jafnvel deyja þar þá eiga þeir þess sjaldan kost í dag. Þeir standa oft frammi fyrir þeim afarkosti að leita á bráðamóttöku, leggjast inn á bráða- eða biðdeildir og þiggja þar umönnun við lok lífs. Þetta á sér stað, þrátt fyrir að mun ódýrara er að veita þessum einstaklingum þá þjónustu sem þeir þurfa heima.
- Rannsóknir sýna að meira en helmingur fólks myndi velja að njóta umönnunar og deyja heima ef það ætti þess kost. Þrátt fyrir þetta deyja færri en þriðjungur í heimahúsi í nágrannalöndum okkar.



Lífslökameðferð

- Þegar skilmerki yfirvofandi andláts hafa verið greind kallast sá hluti líknarmeðferðar lífslökameðferð. Hér er áherslan eingöngu á vellíðan sjúklingsins bæði í umönnun og meðferð.
- Klínískar leiðbeiningar um líknarmeðferð mæla með notkun Meðferðaráætlunar fyrir deyjandi sjúklinga (MÁD) þegar yfirvofandi andlát hefur verið staðfest.



Áskoranir sem blasa við

- Ævilíkur hafa lengst – þjóðin eldist
- Vaxandi hlutfall eldra fólks
- Vaxandi þörf eftir því sem öldruðum fjölgar
- Breytt samsetning þjóðar....aukinn fjöldi af erlendum uppruna
- Velferðarkerfið þyngra og dýrara
- Lífstílstengdir og langvinnir sjúkdómar vaxandi
- Heilabilun
- Geðsjúkdómar / Fíknisjúkdómar
- Offita
- Mönnun heilbrigðisstarfsfólks



TÆKIFÆRI !!!

Population ageing has been accelerating in the WHO European Region



Population by age groups from 1990 to 2050
Source: World Population Prospects 2022 (UN DESA (2022)).



„Gott að eldast“



Langvinnir sjúkdómar og líknarmeðferð

- Fjölgun aldraðra
- Framþróun læknavísinda
- Framfarir í meðferð sjúkdóma
- Einstaklingar lifa lengur með flókna sjúkdómsbyrði
- 40% fullorðna með einn og aðrir með tvo eða fleiri
- Flókin einkenni
- Erfið langvinn meðferð
- Flestir deyja úr langvinnum sjd e 70 ára
- Hefur mikil áhrif á einstaklinginn, fjölskyldu og samfélag
- 86% dauðsfalla
- Heilabilun – tvöföldun til 2050 – skráningu ábótavant
- 14% þeirra sem þyrftu líknarmeðferð fá líknarmeðferð





Lang flestir myndu kjósa að deyja heima ef þeir hefðu val um það. Of margir hafa engra kosta völ aðra en að deyja á sjúkrahúsi


Minnkar verki og kvíða.
Öruggt umhverfi.
Betri sorgarúrvinnsla.

Dying at Home





Markmiðið.....og það er betra



Markmið okkar í
heimahjúkrun:

Að gera skjólstæðingum heimahjúkrunar, sem þess óska, kleift að dvelja lengur heima með reisu og lifa eins sjálfstæðu lífi og mögulegt er. Skjólstæðingar hafi val um hvar þeir vilja deyja.....

- Eigið umhverfi
- Aukið öryggi,
- Sterkari sjálfsmynd,
- Aukið sjálfstæði
- Aukin sjálfsbjargarviðleitni í athöfnum daglegs lífs.
- Betri svefn og minni verkir,

Öll þjónusta háð vilja, óskum og samvinnu þeirra sem þjónustuna þiggja.



Umönnun í heimahúsum, stærsti hópurinn 85 ára og eldri hjá heimahjúkrun

Alfarið í höndum heimahjúkrunar og aðstandenda

- Bregðast þarf við áskorunum
 - Aukinn fjöldi
 - fækkun heilbrigðisstarfsfólks
- ☐ Þarf að vera samþætt
- ☐ Þarf að vera persónumiðuð og heildræn.
- ☐ Sinna þarf fjölskyldu
- ☐ Létta álagi
- ☐ Tryggja þjónustukeðju og öryggi
- ☐ Tryggja læknisþjónustu
- ☐ Möguleika á innlögnum í líknarrými
- ☐ Vantar möguleika á aukinni viðveru
- ☐ Teymisvinna
- ☐ Fjarheilbrigðisþjónusta / velferðartækni



Líknarþjónusta á heimilum

- Heimaþjónusta langveikra og aldraðra er nánast alfarið í höndum heimahjúkrunar.
- Flestir aldraðir deyja á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum.
- Yfir helmingur fólks myndi velja að njóta umönnunar og deyja heima ef kostur væri en minna en þriðjungur gerir það í nágrannalöndum okkar og mjög fáir á Íslandi
- Flutningur á bráðamóttöku og innlagnir á bráða- eða biðdeildir eru oft eini valkostur aldraðra og veikra undir lífslok þó mun hagkvæmara og æskilegra væri að veita þjónustuna heima.
- Lífslengjandi meðferð og líknarmeðferð oft samhliða
- Lífslengjandi meðferð er í eðli sínu líknandi hjá hrumum öldruðum
- Lífslengjandi meðferð nánast fram að andláti